

Upplýsingar um val – mála- og menningarbraut, 2. bekkur – vorönn 2020

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 30 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum mála- og menningarbrautar**, þ.e. erlendum tungumálum, ferðamálafræði, landafræði, sögu og heimspeki, íslensku og stærðfræði.

Miðað er við að þú takir **10 valeiningar á haustönn í 3. bekk og 15 einingar á vorönn í 3. bekk**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá** http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsviðmið_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **NÁMIÐ - VALGREINAR**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2020** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynni þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

Brautastjórar og náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og leiðbeiningar um val á áföngum og skráningu þeirra í Innu.

Valkynning verður eftir hádegi fimmtudaginn 27. febrúar, klukkan 14.40-15.40 en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi, bls. 5-6, er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.

- **SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MIÐVIKUDAGUR 4. MARS** –

Áfangar í boði fyrir 3. bekk mála- og menningarbrautar skólaárið 2020-2021

Haustönn 2020

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 2	Utan blokka
ENSK3CR05	EFNA2GR05	ENSK3PL05
FERÐ2ÍS05	ENSK3AV05	HEIM3YN05
HAGF2PJ05	FÉLA3FF05	ÍSLE2YN05
HEIL2HL05	LÍFF3AN05	JARÐ2ÚT05**
HEIM2TS05	NÆRI3GR05	SAGA2US05
HÖNN3VS05*	SAGA3VS05	
HÖTE2PH05*	STJÖ2AS05	
LAND2AL05	STÆR3VS05	
SÁLF2ÁH05	VÍMA2LL05	
SPÆN1AA05	ÞÝSK2BE05	

*Áfanginn er kenndur í VMA

**Heilsársáfangi

Vorönn 2021

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 2	Blokk 4	Utan blokka
EFNA2LE05	ENSK3HM05	HEIM2TS05	ENSK3PL05
ENSK3AS05	FÉLA3AB05	LÍFF2VL05	FRAN2PA05
FERÐ3EV05	ÍPFR2PP05	MENN2EK05	HEIM3YN05
FÉLA2LM05	LÍFF2LE05	NÆRI3GR05	ÍSLE2YN05
HEIL2BL05	LÍFF3PS05	SAGA3NÚ05	MENN2YN05
HÖTE2FA06*	SÁLF3HE05	SÁLF3UP05	
ÍSLE2KM05	SPÆN1BB05		
JARÐ2JA05			
LEIK2LL05			
SAGA3FB05			
SÁLF2HÍ05			
SJÓN1TF05*			
STÆR3TF05			
UMHV2SU05			

*Áfanginn er kenndur í VMA